

23. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

HALDIN Á BREIÐ AKRANESI, MIÐVIKUDAGINN 13. DESEMBER 2023 KL. 10:00

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, miðvikudaginn 13. desember kl. 10:00 að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi og á Teams.

Mætt voru:

Úthlutunarnefnd: Jónína Erna Arnardóttir, Sigríður Finsen, Kristján Sturluson, Brynjar Sigurðsson og Helena Guttormsdóttir formaður.

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir starfsmenn SSV: Hrafnhildur Tryggvadóttir, Ólöf Guðmundsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson, Helga Guðjónsdóttir (á Teams) Svala Svavarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning

Helena Guttormsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún gaf Svölu Svavarsdóttur orðið sem fór yfir skipulag fundarins.

2. Úthlutunarfé

Á Haustþingi SSV 2023 var samþykkt að nýta 60 m.kr. af fjárveitingu til Sóknaráætlunar Vesturlands til Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Sjóðurinn hefur því 60 m.kr. til úthlutunar á árinu 2024. Ákveðið hefur verið að fjármagninu á árinu 2024 verði skipt með óbreyttum hætti, þ.e. 31 m.kr. fari til menningarstyrkja og stofn- og rekstrarstyrkja menningar og 29 m.kr. fari til atvinnu- og nýsköpunarstyrkja.

3. Umsóknir um styrki til atvinnu- og nýsköpunarstyrkja, fyrri hluti 2024

Atvinnuráðgjafarnir, Ólöf Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Tryggvadóttir og Helga Guðjónsdóttir gerðu grein fyrir mati fagráðs á umsóknum um styrki til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknirnar og ræddi mat fagráðs. Samþykkt var að úthluta kr. 13.200.000 til 13 umsókna en alls bárust 23 umsóknir. Síðar á árinu verður önnur úthlutun í flokki atvinnu- og nýsköpunarstyrkja.

4. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL MENNINGARVERKEFNA OG STOFN- OG REKSTRARSTYRKJA 2024

Sigursteinn Sigurðsson menningarfulltrúi gerði grein fyrir mati fagráðs á umsóknum um styrki til menningarverkefna. Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknir sem bárust í hluta stofn- og rekstrarstyrkja annars vegar og menningarstyrkja hins vegar og ræddu mat fagráðs. Samþykkt var að úthluta í stofn- og rekstrarstyrki kr. 5.750.000 til 6 umsókna en alls bárust 8 umsóknir í þann hluta. Einnig var samþykkt að úthluta kr. 27.950.000 til 57 umsókna en alls bárust 95 umsóknir í þann hluta.

5. Niðurfelling eldri styrkja

Svala kynnti og lagði til niðurfellingu eldri styrkja sem koma til vegna þess að hætt var við verkefni eða að verkefni kláruðust ekki.

-Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir 2.050.000 verði felldir niður 31.12.2023

-Öndvegisstyrkir 2.231.225 verði felldir niður 31.12.2023

-Menningarstyrkir 500.000 verði felldir niður 31.12.2023

-Stofn- og rekstrarstyrkir 200.000 verði felldir niður 31.12.2023

Samþykkt var að fella niður styrkina

Samþykkt að nýta 2,7 mkr. af uppsöfnuðu fé í menningarhlutahluta til úthlutunar 2024.

6. Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs

Rætt um úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Starfsmönnum SSV ásamt Helenu formanni falið að ákveða staðsetningu og tímasetningu en hún er áætluð um snemma í janúar 2024 í Borgarnesi.

7. Annað

Rætt um Öndvegisúthlutun sem stefnt hafði verið að 2023 en frestaðist til vors 2024.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:20.